

Sp.

7. Tillaga til þingsályktunar

um undirbúning að stofnun sjóminjasafns.

Flm.: Hermann Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hefja nú þegar undirbúning að stofnun sjóminjasafns.

Greinargerð.

Þingsályktunartillögu samhljóða þessari flutti ég á síðasta þingi, en þar sem hún var flutt í þinglokin, var hún ekki tekin fyrir, og náði því eigi fram að ganga.

Þingsályktunartillögunni fylgdi þá svo hljóðandi greinargerð:

Það leikur ekki á tveim tungum, að til skaða er og skammar fyrir þjóð eins og Íslendinga, sem á jafnmikið undir sjávarútveginum, að ekki skuli vera til hér á landi safn, þar sem geymdir eru þeir ýmsu blutir, sem hægt er að hafa á slíku safni og snerta sjávarútveginn að fornu og nýju. Allar þær þjóðir, sem fiskveiðar stunda og verzlun, hafa fyrir löngu komið upp hjá sér sjóminjasöfnum, og eiga sumar þessara þjóða mörg söfn og merkileg.

Það er því eigi að undra, þótt hugmyndin um að stofna sjóminjasafn sé fyrir löngu fram komin, en meira en fimmtíu ár munu liðin, síðan hugmyndin um safnið varð til og var sett á framfæri opinberlega í blaðinu Ísafold í sambandi við utanför Jóns Þórarinssonar, skólastjóra í Flensborg og alþingismanns, en hann fór út til Noregs á sýningu, sem þar var haldin. Eftir heimkomuna beitti Jón Þórarinsson sér fyrir, að stofnað yrði hér sjóminjasafn, og fékk málið góðar undirtektir í byrjun, en vegna tómlætis og sofandaháttar tíðarandans lognaðist það út af.

Árið 1930 komst svo skriður á málið á ný og þá í sambandi við byggingu húss Fiskifélags Íslands, en fyrirkomulag þess var í upphafi hugsað þannig, að þar mætti koma fyrir sjóminjasafni á efri hæð hússins. Var af forráðamönnum félagsins safnað ýmsum munum, en af frekari safnmyndun varð ekki og húsnaðið tekið til annarrar notkunar.

Leið svo til ársins 1939, að Sjómannadagsráðið beitti sér fyrir sjávarútvegssýningu, hinni fyrstu, sem haldin hefur verið hér á landi. Þar með komst skriður á málið.

Alþingi samþykkti að verja 3500 kr. styrk til sjóminjasafns, og skipuð var sérstök sjóminjasafnsnefnd. Nefnd þessi keypti nokkur gömul áraskip, sem sýna gerðir báta í ákveðnum landshlutum. Að öðru leyti hefur lítið farið fyrir störfum þessarar nefndar.

1946 var svo fyrir forgöngu þáverandi atvinnumálaráðherra, Áka Jakobssonar, sett á laggirnar nefnd, sem gekkst fyrir sjávarútvegssýningu, sem var sémileg eftir atvikum, miðað við skammtan undirbúningstíma að sýningunni og húsnaði af skornum skammti. En þrátt fyrir þetta var aðsókn að sýningunni gífurleg, og meira en 25 þúsund manns sóttu hana fyrir utan skólabörn. Sannaði það svo rækilega, að

ekki verður um villzt, að þjóðin hefur áhuga fyrir sjóminjasafni og ekki þarf að kvíða því, að það verði lítið skoðað, ef það kemst einhvern tíma upp.

Það orkar ekki tvímælis, að frekari bið og athafnaleysi í safnmálinu er óverjandi með öllu. Hitt er sjálfsagt, að nú þegar sé ótullega hafizt handa og þá fyrst og fremst af ríkisstjórninni.

Nú hagar svo til, að risin er af grunni hér í höfuðstaðnum vegleg bygging, þjóðminjasafnshúsið nýja, sem fyrst um sinn að minnsta kosti ætti að geta hýst þá muni alla, sem verða í eigu væntanlegs sjóminjasafns.

Það, sem einkum er aðkallandi og vinda þarf að bráðan bug, er þetta:

Leita þarf vandlega og skipulega í verstöðvum landsins að gömlum sjóminjum. Athuga þarf, hvað horfið er með öllu af gömlum tækjum og áhöldum, er útveginn snerta, gera af þeim eftirmyndir eftir tilsógn gamalla manna, sem margir geta með öruggri vissu sagt til um gerð þeirra. Þessi söfnun má ekki dragast öllu lengur. Hvert ár, sem líður, getur orðið dýrt og grafið ýmsa merkilega hluti í sand gleymskunnar.

Þá þarf að ákveða skipulag og tilhögun safnsins, hvort það verður sérstök deild í þjóðminjasafni eða algerlega óháð öðrum söfnum, svo og hvort safnið verður eingöngu sjóminjasafn um líðinn tíma eða fjölbreytt sjávarútvegssafn, er geri skil bæði fortíð og nútíð, en einmitt um hið síðasta hafa verið nokkuð skiptar skoðanir. Þó hefur sá maðurinn, sem á síðari árum hefur barizt skeleggastri baráttu fyrir stofnun sjóminjasafns, Gils Guðmundsson, rithöfundur og ritstjóri sjómannaþladsins Vikings, sett fram ákveðna skoðun í málinu, sem vafalaust á fylgi flestra þeirra, er hugsað hafa um mál þetta og láta það sig nokkru skipta. Þessa skoðun sína og hugmynd setti Gils Guðmundsson fram opinberlega í útvarpserindi, er hann flutti 1946, og fylgir hér á eftir síðari hluti útvarpserindis þessa:

„Þess hefur nokkuð orðið varl, að menn greinir á um skipulag og tilhögun sjóminjasafns. Ýmsir kjósa það helzt, að komið yrði upp sérstöku húsi fyrir safnið og yrði safnið algerlega óháð stofnun. Aðrir telja, að það eigi að vera deild í þjóðminjasafni. Ég skal ekki fjölyrða mikið um þennan ágreining, enda þótt ég hafi ákveðnar skoðanir á því, hvað hentast sé í því máli. Það eitt vil ég fullyrða, að söfnunin sjálf þolir ekki að biða eftir því, að sérstakt hús verði reist, heldur verður að hefja hana af krafti nú þegar. Finnst mér þá alveg sjálfsagt, að komið verði upp vísi að safni í salarkynnum þjóðminjasafnsins, hvað svo sem yrði síðar.

Þá hefur mér fundizt það nokkuð á reiki fyrir mönnum, hversu viðtækt safn þetta eigi að vera. Sumir virðast hugsa sér það eingöngu minningarsafn um líðna tímann. Það er sannast sagna, að þá yrði það harla lítið og fátæklegt. Minjar okkar frá fyrri tímum eru því miður lítilfjörlegar. Ég tel, að stefnan, langmiðið, eigi að vera: ekki aðeins sjóminjasafn, heldur fjölbreytt sjávarútvegssafn, sem gerði skil bæði fortíð og nútíð. Íslensk sjávarútvegs- og siglingasaga yrði að sjálfsögðu höfuðuppistaðan, en þó virðist mér þörf á nokkru almennu yfirliti um þróun skipa og siglinga almennt í heiminum, ef vel ætti að vera.

Þótt ég telji mestu máli skipta, að nú verði brugðið rösklega við og því bjargað, sem er að fara í glatkistuna, þykir mér við eiga að fara nokkrum orðum um spurninguna: Hvernig á íslenskt sjávarútvegssafn að vera og með hverjum hætti yrði því bezt skipt í deildir? Mér er það ljóst, að skipulag slíks safns hlýtur að mófast og breytast smám saman, eftir því sem reynslan vex og safnið eflist. Það verður heldur ekki sett á stofn samkvæmt tillögum eins manns eða örfárra manna. heldur verður þekking og athugun ýmissa aðila að koma til. Tillögur mínar eru að sjálfstögðu hvergi nærri tæmandi. Þær eru hugsaðar sem grundvöllur, er byggja mætti á frekari umræður, beinagrind, sem eftir er að klæða holdi og blóði.

Það skal tekið fram, áður en lengra er haldið, að húsnæði hins væntanlega sjávarútvegssafns hlýtur að ráða miklu um skipulag þess og niðurröðun alla. Verði engir annmarkar af völdum húsakynna, hefur mér dottið í hug, að skipta mætti

safninu í 12 deildir. Skal nú reynt að bregða upp nokkrum skyndimyndum af væntanlegu efni þessara deilda.

Fyrsta deild yrði almennt og alþjóðlegt yfirlit um þróunarsögu skipa og siglinga frá fyrstu tíð og fram á þennan dag. Þetta tel ég mjög hentugan og jafnvel bráð-nauðsynlegan inngang, áður en komið er að hinni íslenzku siglinga- og útgerðar-sögu. Helzt þyrftu að vera í deild þessari líkön af helztu skipagerðum allt frá örófi alda og fram á þennan dag. Líkönin ættu öll að vera gerð í sama mælikvarða, svo að auðvelt sé að bera saman stærðarhlutföll skipa frá ýmsum löndum.

Önnur deild ætti að vera helguð landnámsöld okkar og söguöld. Mætti hún jafnvel ná allt til loka þjóðveldistímans. Myndarleg líkön af vikingaskipum yrðu að prýða þá stofnun ásamt sýnishornum af farviði og öðrum búnaði slíkra skipa. Fundur Grænlands og Vínlands yrði að hljóta þarna myndarlegt rúm. Ýmiss konar kort og skýringarmyndir yrðu stór liður í þessari sýningardeild. Kort yrðu þar yfir helztu siglingaleiðir Íslendinga hinna fornu og annað, er sýndi mikilvægustu siglingahafnir íslenzkar fyrr á öldum. Þá yrði með myndum, dekoratíonum, að minna á fiskveiðar fornanna, en neðan við myndirnar kæmu valdar tilvitnanir úr fornritunum. Þarna ætti að hafa í sýningarskápnnum ljósprentanir merkra skinnhandrita, þar sem fjallað er um sjávarútveg, t. a. n. sæfarabálka Grágásar og Jónsbókar.

Þriðja deild yrði helguð bátáutvegi Íslendinga, eins og hann hefur verið rekinn um aldir. Það verður að ýmsu leyti vandasamt að gera þá deild myndarlega úr garði, vegna þess að hún mundi ná yfir langt tímabil, en eiginlegar sjóminjar eru nær engar til frá meginhluta þess tíma. Þá yrði með myndum, máli og línuritum að gera nokkra grein fyrir vexti fiskveiða á 14. og 15. öld, benda til þess, hvernig verzlunarhömlur og loks einokun héldu sjávarútveginum niðri og komu í veg fyrir eðlilega þróun hans í þrjár eða fjórar aldir. — Frá 19. öld eru ýmsar merkilegar minjar, sem tilheyra þessari deild. Gera þarf eftirmyndir af allmörgum áraskipum, stórum og smáum. Sýna verður mismun þeirra í landshlutum, en hann er mikill, bæði um skipulag og gerð segla. Þá þyrfti einnig að gera nákvæmar eftirmyndir af verbúðum, naustum, fiskhjöllum, eins og þetta var algengast í nokkrum helztu verstöðvum landsins. Svo yrðu þarna að sjálfsögðu öll skinnklæði og veiðarfæri þau, sem árabátáutvegi fylgdu, ásamt hvers konar útbúnaði vermannna.

Fjórtða deild ætti að gefa yfirlit um þróunina frá opnu áraskipunum yfir til þilskipa, vélbáta og togara. Rakin yrði saga þilskipanna allt frá dögum Bjarna Sivertsens og fram til loka skútualdar. Gefið yrði yfirlit um hákarlaveiðarnar, sýnd líkön af hákarlaskipum og hákarlaveiðarfæri. Líkan yrði hér af fyrsta vélbátinum, fyrsta togaranum og þróunarsaga þessara skipa síðan rakin í stórum dráttum með lesmáli, teikningum, myndum, töflum og línuritum. Loks yrði í þessari deild gerð nokkur grein fyrir myndun sjávarþorpa og bæja, sem risið hafa upp á grundvelli vaxandi útgerðar.

Fimmta deild fjallaði um nútíma veiðar og veiðiaðferðir. Þar yrðu kort, er sýndu helztu fiskimið við Ísland. Önnur kort sýndu verstöðvar kringum landið. Síðan kæmu togveiðar, línuveiðar, dragnótaveiðar, herpinótaveiðar, reknetaveiðar o. s. frv. Ef vel ætti að vera, þyrfti að láta gera nákvæmar eftirmyndir, er sýndu skipin við veiðarnar, hvernig veiðarfæri liggja í sjónum og á hvern hátt aflanum er náð. Þetta er algengt í erlendum söfnum og tiltölulega auðvelt að gera það svo úr garði, að safngestir skilji vel, hvernig hin ýmsu veiðitæki eru notuð.

Sjötta deild mundi vera um hagnýtingu aflans. Þar kæmi sildariðnaðurinn. Sýnd yrðu líkön af sildarverksmiðjum og komið fyrir myndasamstæðu, er sýndi starfsemi þeirra allra, frá því er sildinni er skipað á land og þar til lýsið rennur í geymana og mjölið í pokana. Á sama hátt yrðu þarna líkön af hraðfrystihúsum og myndir, er sýndu vinnu í þeim. Enn fremur yrði minnst á niðursuðu, lýsisframléiðslu, saltfiskverkun, harðfiskverkun, og fiskmjölsvinnslu. Loks mætti koma fyrir í þessari deild ýmsum upplýsingum um fiskveiðarnar og þjóðarbúskapinn.

t. d. mannafla við fiskveiðarnar, aflamagnið, þátt sjávarafurða í utanríkisverzluninni og fleira af því tagi.

Í sjöundu deild yrði gerð grein fyrir fiskveiðum annarra þjóða við Ísland, bæði fyrr og síðar. Er það allmikið verkefni og furðulítið rannsakað af fræðimönnum vorum, svo að eins og sakir standa, er þar helzt til ótryggur grundvöllur á að byggja. Þó er vitað um mörg atriði, svo að þessi sýningardeild getur orðið allfróðleg, ef vel er til vandað.

Áttunda sýningardeildin gæti fjallað um kaupsiglingar Íslendinga, en þar sem saga þeirra er stutt ennþá, mætti sennilega hafa þar einnig aðra þætti, svo sem ýmislegt, er snertir vitamál og hafnargerðir.

Í níundu deild kæmu síðan siglingatæki, öryggis- og björgunartæki. Þar mundi kenna margra grasa, því að margvisleg eru þau tæki orðin, sem notuð eru á nútíma skipum, bæði af skipstjórnarmönnum og loftskýtamönnum. Þegar þar við bætust helztu björgunaráhöld nútímans, mætti ætla, að mörgum landkrabbanum þætti eitt og annað athyglisvert í þessari deild. Þarna mætti hafa sýnishorn af gömlum og nýjum sjókortum, veðurkort, skipsdagbækur o. s. frv.

Tíunda deild yrði véladeild og skipasmíðadeild. Þar yrðu líkön og sýnishorn af aflvélum í skip, báta og verksmíðjur. Þessi deild þyrfti að geyma líkan af fyrstu íslenzku gufuvélinni, skrúfunu af fyrsta gufubátinum, en hún mun enn til, eftirmynd af fyrstu mótorvélinni og loks líkan af nútíma gufuvél, venjulegri hráolíuvél og dieselvél.

Þá yrðu að vera þarna upplýsingar, er snertu bátasmíðar innanlands, bæði nú og áður. Líkön yrði að gera af bátum og skipum, eins og þau líta út, á meðan þau eru í smíðum, á ýmsum stigum smíðanna. Væri slíkri deild vel fyrir komið, gæti hún orðið einkar fróðleg og athyglisverð.

Ellefta deild ætti að fjalla um fiskrannsóknir og hafrannsóknir, auk þess sem þar mætti koma fyrir upplýsingum um félög þau og stofnanir, sem vinna að sjávarútvegsmálum. — Fiskrannsóknir og hafrannsóknir Íslendinga eru enn að heita má á byrjunarstigi. Hius vegar eru þar ótæmandi verkefni fyrir höndum, sem nauðsynlegt er, að verði unnin með atorku og elju, ef Íslendingar vilja vera hvort tveggja í senn í framtíðinni: fiskveiða- og menningarþjóð. Sem betur fer höfum við nú eignast nokkra álitlega vísindamenn í þessum greinum, og von er til þess, að fleiri bætist við á næstu árum. Árangur af athugun þessara manna ætti að sjálfsögðu heima í sjávarútvegssafni. Væri þess óskandi, að vísindagrein þeirri, sem hér um ræðir, flegði svo ört fram á skömmum tíma, að hún legði undir sig heila deild í safninu. En til að byrja með mætti vel hugsa sér, að í sömu deild yrðu upplýsingar ýmsar um félagsmálástörf í þágu útvegsins. Þar yrði gefið yfirlit um tryggingarstarfsemi alla, er útveginn snertir, gerð grein fyrir þeim félögum og opinberum stofnunum, sem um þessi mál fjalla.

Loks mætti hugsa sér, að tólfta og síðasta deild safnsins hétu minningardeild. Tilgangur hennar væri einkum sá að heiðra minningu látinna sjómanna og þá sér í lagi þeirra, sem fallið hafa við störfin á hafinu. Þyrfti að fá bestu og hugkvæmustu listamenn vora til að skreytla þá stofu og segja fyrir um tilhögun, svo að hún gæti orðið sem smekklelust og virðulegust.

Ég er þá kominn að lokum þessa máls. Sjávarútvegssafnið mun rísa upp, á því er enginn vafi. En hvert árið, sem líður, án þess að hafizt sé handa, svo að um munar, flytur eitthvað með sér í sjó gleymskunnar, sem aldrei rekur aftur að landi. Því heiti ég á þá aðila, sem eiga að veita máli þessu forustu, að hefjast nú þegar handa. Trúi ég ekki öðru en að Alþingi, útgerðarfélag og ýmsar stofnanir sjávarútvegsins muni bregðast vel við, ef til þeirra yrði leitað um styrk við þetta nauðsynjamálefni. Látum nú hendur standa fram úr ermum, og komum upp veglegu sjávarútvegssafni íslenzkri sjómanna-stétt og þjóðinni allri til varanlegrar sæmdar.“